

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 29. júní 2017 | 25. tbl. 15. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



**Vantar allar
gerðir eigna
á söluskrá!**

**Hafið
samband
við
sölumenn
okkar.**

HRAUNHAMAR
F A S T E I G N A S A L A

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Jón Arnluss
KÖKULIST



**Treystu
mér fyrir
veislunni!**

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

**Litla
Gæludýrabúðin**
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666



Upplausn í meirihlutanum?

Björt framtíð hafnaði tillögum samstarfsflokks síns

Fulltrúar Bjartrar framtíðar snérist á sveif með fulltrúum Samfylkingar og Vinstri grænna og felldu tillögu fulltúa Sjálfstæðisflokksins um að Hafnarfjarðarbær kostaði 1,6 milljörðum kr. á næstu fjórum árum til byggingar tveggja fullstórra yfirbyggðra knattspyrnuvalla. Í bókun fulltrúa Bjartrar framtíðar segir m.a. að tillögun skorti nauðsynleg fylgigögn, svo sem kostnaðarmat og greinargerð um afleiðdan rekstrar-kostnað sem af byggingunum myndi hljóta. Þá segir að

hafa þurfi í huga að Hafnarfjörður standi frammi fyrir gríðarlegri uppsafnaðri þörf á viðhaldsframkvæmdum á eignum bæjarins eftir langvarandi fjárhagsvanda frá

hruni. „Ábyrg fjármálastjórn krefst þess að allar hliðar séu skoðaðar og undirbúningur vandaður, sérlega þegar meirihluti bæjarstjórnar á í hlut.“



Samstaðan er víða meiri en í bæjarstjórn þessa dagana.



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

**Tré og
runnar**
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is 

Skoðaðu úrvalið á www.as.is



**Ás fasteignasala er rót-
gróð fyrirtæki í Hafnarfirði.
Viðskiptavinir Áss koma hins-
vegar frá öllum landshornum.
Allt frá upphafi hefur Ás ein-
beitt sér að því að veita góða,
trausta og örugga þjónustu.**

ÁS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Öldungar á hálandaleikum

Heimsmeistaramót öldunga í hálandaleikum var á Víðistaðatúni



Keppt í sleggjukasti í 50-54 ára flokki karla.

Heimsmeistaramót öldunga í hálandaleikum var haldið á Víðistaðatúni dagana 24.-25. júní. Voru keppendur alls 129 frá tíu þjóðlöndum, Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi, Skotlandi, Sviss, Austurríki, Hollandi, Svíþjóð, Ástralíu og Íslandi.

Var keppt í 15 aldursflokkum, 9 karlaflokkum og 6 kvennaflokkum. Elsti keppandinn var 82 ára.

Mótið er það 17. í röðinni og í fyrsta sinn haldið á Íslandi og lék veðrið við móts gesti.

Það eru samtökin The Scottish Masters Athletics International, SMAI, sem standa á þessum árlegu mótnum en þau heita Masters World Championships (MWC) for the traditional Scottish Highland Games athletic competitions en kölluð „Heavy Events.“ Síðasta mót var haldið í Buffalo í Bandaríkjunum.



Sumarlestur á bókasafninu

Sumarlestur á Bókasafni Hafnarfjarðar fyrir krakka sem lesa sjálfir hófst 1. júní og verður fram til 18. ágúst.

Líkt og áður mæta börnin á Bókasafn Hafnarfjarðar, skrá sig til leiks og fá lestrardagbækur til útfyllingar. Skráningarblöð og lestrardagbækur verða bæði í afgreiðslu og á barnadeild.

Fyrir hverja lesna bók, myndasögu, tímarit eða hljóðbók fá þátttakendur stimpil í lestrardagbókina og geta fyllt út bókaumsögn og sett í rauða póstkassann á barnadeildinni. Bókaumsagnarmiðar verða bæði í afgreiðslu og á barnadeild. Það má alveg fá slíka miða afhenta fyrirfram og fylla út heima hjá sér.

Á hverjum föstudegi í sumar drögum við úr bókaumsögnunum og tilnefnum lestrarhest vikunnar og hlýtur hann verðlaun.

Laugardaginn 2. september verður uppskeruhátíð sumarlestursins.

Eftir 18. ágúst geta þátttakendur skilað lestrardagbókum sínum á Bókasafn Hafnarfjarðar og fengið glaðning. Þær lestrardagbækur sem berast fyrir uppskeruhátíð eru settar í pott og dregnir verða út vinningar á hátíðinni



Víðistaðakirkja

Almennur safnaðarfundur

Þriðjudaginn 11. júlí kl. 18:00 verður almennur safnaðarfundur í Víðistaðakirkju.

Á dagskrá fundarins er kosning aðal- og varamanna í kjörnefnd fyrir Víðistaðasókn.

Nánari upplýsingar um kjörnefndir kirkjunnar má finna á vefsíðunni www.kirkjan.is/kosningar.

Sóknamefnd Víðistaðakirkju.

www.vidistadakirkja.is

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

guðni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktsímar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Vill gróður- húsabyrpingu

Garðlist ehf. og Upphaf ehf. hafa óskað eftir því við skipulags- og byggingarráð að fá að vinna breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholti suðaustur, gróðrarstöð Þorlákstúni. Óskað er eftir stækkun á byggingarreit fyrir gróðurhús með það að markmiði að auka möguleika á uppbyggingu gróðurhúsabyrpingar fyrir öfluga grænmetisræktun.

Skv. tillögunni er óskað eftir að byggingarreiturinn verði stækkaður um 42%.

Miðbæjar- skipulag tekið til umfjöllunar

Deiliskipulag miðbæjar Hafnarfjarðar frá árinu 2000 er löngu úrelt og fjölmargar breytingar hafa verið gerðar á því. Hægt virðist miða við endurskoðun á skipulaginu en helstu merki þess að eitthvað sé að gerast er fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 27. júní þar sem segir: „Endurskoðun deiliskipulags Miðbæjarins tekin til umfjöllunar.“

Til umfjöllunar.“

Tímabær lagfæring á íþróttahúsi Víðistaðskóla

Viðhald á húsnæði bæjarins hefur víða setið á hakanum undanfarin ár

Iðnaðarmenn vinna nú við endurbætur á þaki útbyggingar íþróttahúss Víðistaðskóla. Að sögn Helgu Stefánsdóttur hjá Hafnarfjarðarbæ er verið að koma í veg fyrir leka en ekki er verið að fara í heildarviðgerð á húsinu sem er í slæmu ástandi og illa útlitandi.

Hins vegar er verið að laga þak vegna leka á eldri byggingum Víðistaðskóla og segir Helga það forgangsverkefni

Mjög hefur verið skorið niður í viðhaldsfé fasteigna bæjarins undan-

farin ár og tillögur til að auka fé til viðhalds hafa ekki þótt vinsælar þegar liður að kosningum.



Verktakar unnu við að rífa klæðningu af útbyggingu sem hýsir leiksvið.

Óábyrgri fjármálastjórn hafnað

Á síðasta fundi bæjarstjórnar lögðu bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram tillögu um að ráðist yrði í byggingu tveggja knattspyrnuhúsa í fullri stærð í Hafnarfirði. Ekkert kostnaðarmat fylgdi tillögunni né aðrar þær forsendur sem bæjarstjórn ber að leggja til grundvallar mikilvægum ákvörðunum sínum. Tillagan virðist sömuleiðis ganga þvert á nýlegar samþykktir Íþróttabandalags Hafnarfjarðar um forgangsráðun framkvæmda á sviði íþróttamála.


Dagana fyrir fundinn fóru fulltrúar Sjálfstæðisflokksins mikinn í fjölmiðlum og kynntu málið líkt og um tillögu meirihlutans væri að ræða. Var það gert þrátt fyrir að fyrir lægi að ekki væri meirihluti fyrir slíkum vinnubrögðum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar, hvorki meðal fulltrúa samstarfsflokksins né meðal fulltrúa minnihlutans. Slík vinnubrögð eru nefnilega sem betur fer sjaldgæf í íslenskum stjórnmálum í dag og líklega er erfitt að finna viðlíka dæmi um framgöngu stjórnmálaflokks í starfandi meirihluta sveitarfélags hér á landi síðustu ár.

FLUGELDASÝNING Í AÐDRAGANDA PRÓFKJÖRS

Niðurstaðan í bæjarstjórn varð sú að aðeins fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu tillögunni atkvæði sitt. Með því höfnuðu aðrir fulltrúar í bæjarstjórn þeirri óábyrgu hegðun sem endurspegladist í málflutningi Sjálfstæðisflokksins og tillögu sem virðist hafa haft þann eina tilgang að slá ryki í augu bæjarbúa og afla flokknum skammtímavinsælda á mjög svo hæpnum forsendum, enda má telja víst að ætti tillagan að ná fram að ganga þyrfti fjöldi brýnna verkefna í grunnþjónustu bæjarins að vilja á næstu árum. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins treystu sér þó augljóslega ekki til að upplýsa bæjarbúa um þá hlið málsins.

HVER ER TILGANGURINN?

Svo virðist sem tilgangur þessarar uppákomu hafi fyrst og fremst verið sá að skapa ágreining, stilla íþróttafélögum í bænnum upp á móti hvort öðru og teikna upp þá mynd að stuðningur við uppbyggingu í íþróttamálum markist af flokkspólitískum limum þar sem sumir eru með og allir hinir á móti.



Þess háttar pólitík fékk sem betur fer fallett í bæjarstjórn Hafnarfjarðar í síðustu viku. Eftir stendur að við erum öll sammála um að reyna að byggja eins vel og myndarlega upp og við getum í aðstöðu til fjölbreyttrar íþrótt- og tómstundaiðkunar barna og unglunga. Það er eitt af þeim verkefnum sem biður úrlausnar við mótun fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu ára og þar eru allir um borð í sama báti.

ER ENN STARFANDI MEIRIHLUTI Í BÆJARSTJÓRN?

Vissulega hefur Sjálfstæðisflokkurinn oft látið eins og hann sé einn í meirihluta síðustu 3 ár en það er erfitt að sjá hvernig bæjarfulltrúar Bjartrar framtíð-

ar geti látið þetta síðasta útspil samstarfsflokksins yfir sig ganga. Þegar fyrir liggur að annar tveggja flokka í samstarfi hefur ákveðið að hætta að vinna samkvæmt fyrirbyggjandi samstarfsáttmála, eins og staðfest var á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku, þá er það undir öllum eðlilegum kringumstæðum til marks um að samstarfið sé komið á leiðarenda. Réttur bæjarbúa takmarkast nefnilega ekki við það að vita hverjir halda á valdakeflinu á hverjum tíma heldur einnig og ekki síður hver stefna þess meirihluta sé. Eins og staðan er í dag þá er það svo sannarlega ekki ljóst.

Höfundar eru fulltrúar VG og Samfylkingar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

90 milljónir í lýðheilsuverkefni

Hafnarfjarðarbær fékk 500 þús. kr. styrk

Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra úthlutaði sl. föstudag rúmlega níttíu milljónum króna í styrki úr lýðheilsusjóði til 139 verkefna og rannsókna.

Við auglýsingu eftir umsóknum árið 2017 var m.a. lögð áhersla á aðgerðir til eflingar geðheilsu, forvarnir gegn sjálfsvígum, áfengis-, tóbaks- og vímuvarnir og verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.

Meðal styrkhafa sem tengjast Hafnarfirði eru:

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði 500,000 kr.

Hafnarfjarðarbær – Heilsuefandi samfélag 500,000 kr.

Hvaleyrarskóli 500,000 kr.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins 1.500,000 kr.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Stuðningur við börn með vægar kvíðaraskanir 900,000 kr.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Skammtímaóferð við þunglyndi 500,000 kr.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins – Hver á að ákveða fyrir mig? 3.000,000 kr



Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra flytur ávarp við afhendingu styrkjanna.

Bærinn kaupir St. Jósefsspítala

Skal reka almannapjónustu í húsinu í 15 ár

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar samþykkti 21. júní sl. að ganga að tilboði fjármálaráðuneytisins frá 13. janúar sl. um kaup á húsnæði St. Jósefsspítala. Kaupverðið er 100 milljónir kr. og skuldbindur Hafnarfjarðarbær sig til að reka almannapjónustu í fasteigninni að lágmarki í 15 ár frá undirritun samnings.

Ekki liggur fyrir um það hvaða starfsemi verður í húsinu en starfshópur á vegum Hafnarfjarðarbæjar mun skoða hugmyndir um starfsemi í húsinu.

Var bænnum einnig gefinn kostur á að kaupa húsið fyrir 180 milljónir kr. með skilyrðum um að nýta húsnæðið undir starfsemi bæjarins næstu 15 ár.

Húsið er 2,829 m² á 4,467 m² lóð og er fasteignamat hússins 411,3 millj. kr.

Ekki hafa verið gerðar neinar áætlanir um kostnað við endurbætur á húsnæðinu svo óvíst er hvað kaupin munu í raun kosta bæjarfélagið á næstu árum, ekki sist þegar ekki er vitað hvaða þjónusta verður þar.



Ljóm: Guðni Gleason

Gunnar Axel aftur í bæjarráð

Oddviti Samfylkingar var utan ráða

Það hefur vakið nokkra athygli að oddviti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, Gunnar Axel Axelsson hefur verið frekar óvirkur í pólitískum störfum fyrir Hafnarfjarðarbær fyrir utan það að sitja í bæjarstjórn. Hann sat ekki í bæjarráði né öðrum ráðum bæjarins sem er mjög óvenjulegt fyrir oddvita flokks sem hefur fylgi til þess að eiga fulltrúa í ráðum.

Við kjör í ráð og nefndir á síðasta bæjarstjórnarfundinum bar svo við að Margrét Gauja Magnúsdóttir vikur sæti í bæjarráði og Gunnar Axel kemur inn í ráðið í staðinn. Margrét Gauja var annar maður á lista Samfylkingar en þriðji á listanum, Adda María Jóhannsdóttir situr áfram í bæjarráði.

Aðrar helstu breytingar eru þær að Kristín María Thoroddsen, Sjálfstæðisflokk, fer út úr fjölskylduráði og Kristinn Anderssen tekur hennar sæti. Kristinn vikur svo sæti í umhverfis- og



Gunnar Axel Axelsson

framkvæmdaráði og Unnur Lára Breyde tekur hans sæti. Unnur Lára vikur svo sæti í menningar- og ferðamálanefnd og Kristín María Thoroddsen tekur hennar sæti.

Borghildur Sölvey Sturludóttir, Bjartri framtíð, kemur inn í hafnarstjórn í stað Péturs Óskarssonar sem þar hefur setið.

Skemmdir unnar á Víðistaðakirkju

Krotað víða á veggum kirkjunnar

Hún var ljót aðkoman að Víðistaðakirkju þegar Karl Kristensen kirkjuvörður mætti til vinnu á mánudagsmorgun. Úðað hafði verið með málningu á mörgum stöðum á veggum

kirkjunnar, mest á norðurhlíð kirkjunnar. Málið hefur verið kært til lögreglu en ekki er vitað hver eða hverjir voru að verki.



Mest var krotað á norðurhlíð kirkjunnar og sést það ekki allt á myndinni.



Sóðalegt veggjakrot á suðurhlíð kirkjunnar sem snýr að Víðistaðaskóla.

Ljóm: Guðni Gleason

Ljóm: Guðni Gleason

KRÓNAN

-40%

Halló Hafnarfjörður

1 árs
afmælis
tilboð!



Jarðarber "Driscolls" 400 g

299 kr. pk.

verð áður 499



-25%

BFY Þvottaefni Universal 9 kg

999 kr. pk.

verð áður 1399



Rúnstykki, margar gerðir

59 kr. stk.



-40%



-50%



Lambalæri, úrval marineringa

975 kr. kg

verð áður 1658

-60%



Coke / Coke Zero Kippa 4X2 Litrar

399 kr. kippan

verð áður 999 / 799

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/öðla myndabreytingu.

*Tilboðin gilda frá 29. júní til 2. júlí eða á meðan birgðir endast - aðeins í Krónunni Flatahrauni og Hvaleyrarbraut.

Vilja áætlun um endurbætur á Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð

Hafnarfjarðarbær ítrekar mikilvægi þess að mörkuð sé heildarstefna fyrir framkvæmdir við Reykjanesbraut innan Hafnarfjarðar, þar sem tíma- setning framkvæmda er ákveðin og fjármagn tryggt. Unnið er nú að gerð mislægra gatnamóta við Krýsuvíkurveg en aðrar framkvæmdir eru ekki komnar í undirbúning.

Minnisblað vegna samgöngumála var lagt fram á síðasta fundi bæjar- stjómarráðs Hafnarfjarðar og lagði bæjar- stjórmið í framhaldinu fram bókun þar sem skorað er á alþingismenn kjör- dæmisins að tryggja að fjármagn fái á fjárlögum 2018 og árunum þar á eftir til að ljúka framkvæmdum við Reykjanes- braut innan Hafnarfjarðar. Óskað er eftir viðræðum við ráðherra og alþingismenn hið fyrsta vegna þessa brýna öryggis- og hagsmunamáls.

BREIKKUN OG ENDUR- NÝJUN GATNAMÓTA EKKI Á ÁÆTLUNUM RÍKISINS

Samkvæmt vegaáætlun eru fram- kvæmdir við Reykjanesbraut frá Vog- um að Kaldárselsvegi hugsaðar á árunum 2015-2022 en breikkun á Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi að Álftanesvegi ekki að sjá á áætlunum



Um Hlíðartorg fara um 47.300 bílar á dag og oft myndast langar bílaraðir.

ríkisins. Þegar heildarfjármagn til vega- framkvæmda á höfuðborgarsvæðinu er skoðað er ljóst að framkvæmdir þar hafa verið af mjög skomum skammti undanfarnar ár. Þar hefur Hafnarfjörður setið eftir þrátt fyrir að tölur yfir umferðarþunga sýni m.a. að umferðar- magn við Setberg er að nálgast mjög umferðarmagn í Artúnsbrekku á hverri akreini. Umferðin við Setberg fer öll um eitt hringtorg með tveimur akreinum og um það fara að meðaltali 47.300 bílar á

dag. Íbúar eru í auknum mæli búnir að gefast upp á notkun hringtorgsins og hefur það leitt af sér aukinn og óæskilegan umferðarþunga og hraða innan íbúðahverfa. Brýnt er að tryggja umferðaröryggi á þessum kafla frá Krýsuvíkurvegi að Álftanesvegi.

MISLÆG GATNAMÓT Í STAÐ HRINGTORG

Mikil þörf er á að endurnýja gatnamótin við Kaplakrika sem og við

Lækjargötu og sýna tölur yfir slysatíðni og umferðarþunga glögg að þau eru löngu sprungin. Hringtorgið við Lækjargötu/Setberg, Hlíðartorg, var hugsað sem bráðabirgðalausn á sínum tíma. Bæði gatnamótin eru í 5. og 6. sæti yfir gatnamót í þéttbýli á Íslandi með flest slys og óhöpp í ársskýrslu slysskráningar Samgöngustofu 2015 og í 1. og 2. sæti hringtorg á höfuð- borgarsvæðinu með flest slys og óhöpp.

Á 3,5 kílómetra vegarkafli frá Kaldárselsvegi að Krýsuvíkurvegi voru slys/óhöpp rúmlega 100 talsins árið 2015 sem gefur gildið 28 slys/óhöpp á hvern kílómetra. Samhliða vaxandi fjöldi ferðamanna í umferðinni hefur íbúum Hafnarfjarðar fjölgað sem og starfsmönnum í stækkandi íbúa- og atvinnubýggð Vallahverfis. „Þessar staðreyndir kalla á tvöföldun Reykjanesbrautar í gegnum bæinn áður en fleiri alvarleg slys verða,“ segir í tilkynningu frá Hafnarfjarðarbæ.

Ef meiddli verða á fólki við árekstur er það almennt skilgreint sem slys en óhapp ef ekki verða slys. Engin alvarleg slys hafa orðið á hringtorginu við Lækjargötu né á gatnamótum við Kaplakrika ef slysskráning er skoðuð frá 2010.

Hrafnista í Hafnarfirði 40 ára

Tímamótunum fagnað með viku hátíð, hópsöng, dansi og lambakjöti

Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, eins og það upphaflega var nefnt reisti öldrunarheimili í Hafnarfirði fyrir 40 árum. Í dag er þar stærst öldrunarheimili landsins með 211 heimilismenn auk þess sem tæplega 50 manns nýta sér dagdvöl 2-5 daga í viku.

Tímamótunum var fagnað með afmælisdagskrá í heila viku, afmælis- bingói, hópsöng, tónleikum, Kvenna- hlaupinu, dansiballi, hugleiðslu, vöflukaffi, hádegisveislu með lamba- kjöti, ís og ávöxtum en hápunkturinn var þegar forseti Íslands kom í heimsókn.

Markmiðið er að veita hjúkrun og umönnun miðað við þarfir hvers og eins, styrkja fólk til sjálfsbjálpar og auðvelda þeim að aðlagast breyttum aðstæðum. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn kynnist vel heimilisfólki og kynni sér bakgrunn og lífssögu hvers og eins.

Einnig er áhersla lögð á að starfsfólk stuðli að vellíðan og öryggi á sem bestan hátt og standi vörð um sjálfs- mynd og sjálfsvirðingu heimilismanna.

Kaffihús var opnað árið 2014 á Hrafnistu í Hafnarfirði. Þar geta heimilismenn nú tekið á móti aðstandendum og vinum í hlýlegu og notalegu umhverfi.

Árdís Hulda Eiríksdóttir er forstöðu- maður Hrafnistu í Hafnarfirði en hún tók við því starfi árið 2013.



Böðvar Magnússon t.h. spilaði á nikku og stjórnaði hópsöng af röggsemi



Ekki sáttur við að byggingum sé troðið inn á gróðursvæði þegar nægt land er til

Helgi Vilhjálmsson mjög ósáttur við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir við Hjallabraut

„Það er engin glóra í því að ætla að byggja á fallegu gróðursvæði við Víðistaðatún á meðan auðar lóðir eru annars staðar í bænum sem byggja má íbúðarhúsnæði á,“ segir Helgi Vilhjálmsson í Góðu. Segist hann undrast að mega ekki byggja litlar íbúðir, sem mikil þörf er á, á efri hæðum húss við Tjarnarvelli en þar eru margar lóðir sem enn hefur ekki verið byggt á. Svo ætli menn að ryðja burt gróðri á þessu fallega svæði við Víðistaðatún til að koma fyrir nokkrum húsum.



Skipulagssvæðið í gögnum málsins.

12 ÍBÚÐA BYGGÐ

Í tillögum Hafnarfjarðarbæjar er lagt til að þarna rísi 12 íbúða byggð í 1-2ja hæða húsum við Hjallabraut á milli skátaheimilisins Hraunbyrgis og syðstu húsa við Víðivang.

Markmið breytinganna er sögð vera að mæta þeirri íbúðapörf og eftirspurn sem nú er. Ekki er þó skilgreint í hvaða stærð þessar íbúðir eigi að vera né hvað þær gætu kostað. Síðan þessi ákvörðun var tekin hefur hægst töluvert á sölu fasteigna, a.m.k. virðist hin mikla umfram eftirspurn ekki vera lengur til staðar.

KYNNT BÆJARBÚUM Í OKTÓBER

Gert er ráð fyrir að tillaga að breytingu á aðalskipulagi verði kynnt íbúum sveitarfélagsins ásamt deiliskipulagstillögu í október 2017. Á þá jafnframt að leggja fyrir mat á þeim umhverfispáttum sem breytingin nær til.

Umrætt svæði er hluti af hverfisvernduðu svæði skv. gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Nær hverfisverndin yfir á hluta þessa opna svæðis þar sem hjólreiða- og göngustígur liggur meðfram Hjallabrutinni.

ENN ÓBYGGT Í SKARÐSHLIÐ

Enn er heilt hverfi í Skarðshlíð óbyggt þó úthlutað hafi verið fjölbýlishúsalóðum í 1. áfanga hverfisins. Á heimsíðu bæjarins segir að deiliskipulag fyrir Skarðshlíð - áfanga 2 - sé í vinnslu þessa dagana og gert sé ráð fyrir að lóðir fyrir einbýlis-, rað- og parhús í Skarðshlíð fari í auglýsingu á vormánuðum 2017.

Þá samþykkti skipulags- og byggingarráð í síðasta mánuði að fela umhverfis- og skipulagsþjónustu að leita eftir samningum við Yddu arkitekta um að hefja vinnu við deiliskipulagsbreytinu 3. áfanga.

Mörg ár eru síðan deildiskipulag var tilbúið í Skarðshlíð, áður Vellir 7 en



Í verklýsingu að breyttu skipulagi er gert ráð fyrir 12 misstórum íbúðum í 1-2ja hæða húsum. Gatan verður fjerð og mjökkuð verði skipulagið samþykkt.



Hér munu íbúðarhús rísa verði tillögur skipulags- og byggingarráðs samþykktar.

eftir hrun gekk ekkert að selja lóðir og nú hefur verið lögð mikil vinna í að breyta öllu skipulaginu. Á meðan hefur verið mikil eftirspurn eftir lóðum en engu hefur verið hægt að úthluta á meðan.

Þá hefur verið samþykkt að skipulagsgjafi nýtt hverfi við Hamranes en ekki er enn vitað hvenær það verður tilbúið til úthlutunar.




Á auðu lóðinni í miðjunni vill Helgi byggja þjónustu og íbúðarhús.

Byggingarlóðir??

Samstarf um málefni eða völd?

Líkt og gildir um þingmenn er sveitarstjórnarfolk bundið af lögum og af sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og hefur fullt frelsi til að tjá sig. Afstaða í einstökum málum getur hins vegar haft, og á, undir venjulegum kringumstæðum, að hafa pólitíska þýðingu og afleiðingar, eins og þegar víkið er frá yfirlýstri stefnu viðkomandi stjórn-málaflokks eða ríkjandi meirihluta. Meirihlutar í nútíma lýðræðisríkjum eru myndaðir um málefni, um skýra og afmarkaða stefnu, en ekki bara völd. Stefnu sem borgarar eiga rétt á að vera upplýstir um í hverju felst.



Jón Grétar Þórsson

MÁLAMIÐLANIR ERU EÐLILEGAR EN YFIR-GANGUR ER ÞAD EKKI

Dæmi um málamiðlanir er að finna í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar. Þar er kveðið á um lögfestingu svokallaðrar jafnaunavottunar en þar er um að ræða stefnumál sem á uppruna sinn í stefnu eins ríkisstjórnarflokks af þremur. Tímasett endurskoðun búvörusamnings er annað slíkt dæmi og yfirlýsing um að ekki verði stuðlað að frekari uppbyggingu stóriðju hér á landi

er enn eitt dæmið. Telja má næsta víst að þessi þrjú stefnumál hafi verið hluti af málamiðlun þeirra flokka sem mynda með sér ríkisstjórn. Málamiðlun sem er borgurum skýr og aðgengileg og á grundvelli hennar byggir ríkisstjórnin pólitíska tilvist sína. Þegar og ef einn flokkur af tveimur eða fleirum ákveður að hætta að starfa eftir slíku samkomulagi og beitir samstarfsflokka sína jafnvel opinberlega yfiringari, er undir öllum venjulegum kringumstæðum lítið svo á að það jafngildi úrsögn hans úr samstarfi og þar með slitum þess.

HVAÐ SVO?

Sömu lögmál gilda um bæjarstjórnarmál. Fulltrúar meirihlutflokka í bæjarstjórn geta haft ólíkar skoðanir og afstöðu í einstaka málum. Ótal dæmi eru enda um að fulltrúar í bæjarstjórn greiði atkvæði með málum þvert á flokka. Nærtækustu dæmin eru afgreiðsla bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á umsögn við lagafrumvarp um áfengisútsölu og afnám lágmarksútsvars, þar sem afstaðan var í báðum tilvikum þvert á flokkslinur. Öðru máli gegnir um málefni sem varða sveitarfélagið


beint og stefnumörkun þess. Þá er beinlínis gert ráð fyrir að ríkjandi meirihluti tryggji eigin málum framgang með meirihluta atkvæða. Að sama skapi verður það að teljast fráleitt að flokkar sem hafa myndað meirihluta fari fram með tillögur þvert gegn gildandi samstarfsáttmála og vilja hvors annars. En slíka framgöngu var bæjarbúum boðið uppá á síðasta fundi bæjarstjórnar þar sem Sjálfstæðisflokkurinn gerði tilraun til að beita afslunna í samskiptum sínum við fulltrúa Bjartrar framtíðar þegar þeir reyndu að keyra í gegn illa undirbúna tillögu sem hefði þurrkað upp stóran hluta af framkvæmdarfé bæjarins næstu árin. Með því reyndu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins að þvinga fram niðurstöðu sem lá fyrir að engin sátt ríkti um. Framganga sem þessi getur varla talist merki um ný og betri stjórnarmál eða aukið lýðræði. Við slíkar aðstæður er hins vegar eðlilegt að spyrja á hvaða grundvelli meirihlutasamstarfið sé byggt og á hvaða forsendum völdum sé viðhaldið?

Höfundur er fulltrúi Samfylkingarinnar í menningar- og ferðamálanefnd.

Óvirðing við gangandi

Sigrún sendi inn þessa mynd af hjólhýsi sem hefur staði á bílastæði við Fagrahvam en þó þannig að hjólhýsið lokar algjörlega göngustíg sem þar er.

Það hlýtur að vera lágmarkskrafa að íbúar virði það að gangstéttar eru fyrir gangandi fólk og þeim má ekki loka af undir neinum kringumstæðum.



Við Fagrahvam.

og svo aðalmálið... SH náði að merja sigur með aðeins 6 stigum á ÍRB og rauf þar með 6 ára samfellda sigurgöngu þeirra á mótinu.

Sundfélag Hafnarfjarðar er því Aldursflokkeistari Íslands 2017.

Katarína Róbertsdóttir, Sunna Svanlaug Vilhjálmisdóttir, María Fanney Kristjánsdóttir og Jóhanna Elín Guðmundsdóttir skipuðu sveit SH sem setti nýtt stúlnamet í 4x100 m fjórsundi.

SH varð AMÍ meistari

Rauf sex ára sigurgöngu ÍRB með naumum sigri um helgina

Aldursflokkeistaramót Íslands í sundi eða AMÍ eins og það er kallað dags daglega, var haldið nú um helgina í Laugardalslaug.

Þar komu saman öll sundfélög landsins með sundmenn sína sem höfðu náð ákveðnum tímalágmörkum til að tryggja sér þátttökurétt.

Sundfélag Hafnarfjarðar kom sterkt til leiks með 47 þátttakendur sem voru enn í sigurvímu frá Akranesleikunum.

Tvö met voru slegin í keppninni. og Sveinasveit SH sló 14 ára gamalt Íslandsmet í 4x50 m skriðsundi. Sveitina skipuðu þeir Birnir Freyr Hálf-dánarson, Bergur Fáfir Bjarnason, Veigar Hrafn Sigþórsson og Snorri Dagur Einarsson.

Á öðrum degi sló stúlnasveit SH met í 4x100 m fjórsundi. Sveit SH skipuðu þær Katarína Róbertsdóttir, Sunna Svanlaug Vilhjálmisdóttir, María Fanney Kristjánsdóttir og Jóhanna Elín Guðmundsdóttir.

Spennan var gífurleg og strax varð ljóst að baráttan um titilinn yrði á milli SH og ÍRB.

Eftir þrjá daga af endalausri skemmtun og gleði og gífurlegri spennu urðu úrslitin ljós.

Veigar Hrafn Sigþórsson SH varð stigahæsti sveinninn á mótinu,

SH vann aðal boðsundskeppnina í 10x50 m skriðsund.



Ungu keppendurnir í Sundfélagi Hafnarfjarðar glaðir og stoltir yfir glæsilegum árangri.

OPIÐ

ALLAN SÓLARHRINGINN

Í GARÐABÆ



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt og önnur smáverk.
Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Bílaþríf. Kem og sæki. Bón verndar
bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt
verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,
ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Sýningin Landsýn - í fótspor Jóhannesar Larsen með ljósmyndum Einars Fals Ingólfssonar og teikningum Jóhannesar stendur yfir í aðalsal Hafnarborgar. Í Sverrissal stendur yfir sýningin „Dáið er allt án drauma“ með listakonunum Söru Gunnarsdóttur og Unu Lorenzen.

Sönghátíð

„Stóðum tvö í túni“ er yfirskrift á tónleikum Kristins Sigmundssonar bassa söngvara og Önnu Guðnýar Guðmundsdóttur pianóleikara sem verður í Hafnarborg **kl. 20 miðviku-daginn 5. júlí**. Tónleikarnir eru hluti af Sönghátíð í Hafnarborg.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Ný sönghátíð í Hafnarborg

Tónleikar og söngnámskeið fyrir áhugafólk og lengra komna

Sönghátíð í Hafnarborg er ný hátíð sem verður haldin í fyrsta skipti dagana 1. - 9. júlí. Markmið hátíðarinnar er að heiðra klassíska söngtónlist og auka almenna þekkingu á list raddarinnar með tónleikum og námskeiðahaldi.

Á meðal flytjenda eru *Kristinn Sigmundsson* bassi, *Disella Lárusdóttir* sópran, *Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir* mezzosópran, *Þóra Einarsdóttir* sópran, *Hallveig Rúnarsdóttir* sópran, *Guja Sandholt* mezzosópran, pianóleikaramir Anna Guðný Guðmundsdóttir, Hrönn Þráinsdóttir og Matthildur Anna Gísladóttir og gítarleikarinn Francisco Javier Jáuregui.

Allt söngáhugafólk ætti að finna eitthvað við sitt hæfi á Sönghátíð í Hafnarborg, bæði sem hlustendur og þátttakendur. Auk fimm söngtónleika býður Sönghátíð í Hafnarborg upp á „master class“ námskeið með Þóru Einarsdóttur sem endar á tónleikum,



Hafnarborg.

söngnámskeið fyrir áhugafólk með Guðrúnu Jóhönnu, tónlistarnámskeið fyrir 6-12 ára börn sem Þórdís Heiða Kristjánsdóttir og Hildur Guðný Guðmundsdóttir leiða og jóga fyrir söngvara undir stjórn Guju Sandholt.

Þar að auki mun Dúó Atlantica flytja ókeypis tónleika fyrir vistfólk á Hrafnistu í Hafnarfirði. Stofnandi og listrænn stjórnandi hátíðarinnar er söngkonan Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir.

Fyrsta sumarhátíð Bjarkalundar

Nýjasti leikskólinn fagnaði sumri með skruðgöngu og skemmtun

Leikskólinn Bjarkalundur á Völlum er nýjasta leikskóli bæjarins. Fyrsta sumarhátíð skólans var haldin sl. föstudag þar sem Leikhópurinn Lotta skemmti gestum, farið var í skruðgöngu og „Pálinubóð“ var haldið en hver og einn kom með veitingar á sameiginlegt borðhald en Foreldrafélagið bauð upp á drykkjarkjöf.

Fjórar deildir eru í leikskólanum, Mói, Hella, Mosi og Hraun en leikskólastjóri er Svava Björg Mörk.

Fyrsta skólaári leikskólans lýkur brátt en lokað verður í skólanum 12. júlí - 9. ágúst.



Farið var í skruðgöngu - að sjálfsögðu með íslenska fánann.



Leikhópurinn Lotta skemmti börnum og foreldrum.

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfrétta

fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Sveit SH setti tvö Íslandsmet

Víkingamót SH



Sveit SH f.v.: Kolbeinn Hrafnkelsson, Aron Örn Stefánsson, Predrag Milos og Viktor Máni Vilbergsson.

Sveit SH reyndi við tvö Íslandsmet í síðustu viku á Víkingamóti SH. Í sveitinni voru þeir Kolbeinn Hrafnkelsson, Aron Örn Stefánsson, Predrag Milos og Viktor Máni Vilbergsson.

Fyrst reyndu þeir við sig í 4×50 m fjórsundi en sveit ÍBR setti Íslandsmet í þeirri grein í desember 2007 og var tími sveitarinnar 1,44.36 mínúta.

SH-ingarnir voru greinilega í góðri æfingu, vel hvattir af félögum sínum í SH og syntu á 1,41.67 mínútum, bættu Íslandsmetið um 3,21 sekúnda.

Aðeins 30 mínútum síðar stungu þeir sér aftur til sunds til að reyna við Íslandsmet í 4×50 m skriðsundi sem sveit SH setti í nóvember 2012, 1,33.63 mínúta. Í sveitinni þá voru Aron Örn, Kolbeinn og Predrag sem nú kepptu einnig.

Reyndar synti landssveit Íslands á betri tíma í Windsor í desember sl. en

þá voru Aron Örn og Viktor Máni í sveitinni sem synti á 1,31.07 mínútu.

Sveit SH sýndi engin þreytumerki og synti á 1,32.70 mínútum sem er nýtt formlegt Íslandsmet.



Guðni Guðnason SH.

SETTI MET Í GARPAFLOKKI

Hinn 55 ára sundkappi, Guðni Guðnason úr SH, gerði sér lítið fyrir og setti Íslandsmet í 100 metra skriðsundi garpa, synti á 1,07.35 mínútu.

ÍÞRÓTTIR

Fótbolti:

29. júní kl. 19.15, Árbær

Fylkir - FH, bikarkeppni karla

1. júlí kl. 15, Ásveilir

Haukar - Leiknir F., 1. deild karla

2. júlí kl. 14, Ásveilir

Haukar - Grindavík, úrvalsdeild kvenna

2. júlí kl. 14, Fylkisvöllur

Fylkir - FH, úrvalsdeild kvenna

3. júlí kl. 20, Kópavogsvöllur

Breiðablik - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KARLA:

ÍBV - FH: 0-1

Leiknir R. - Haukar: 0-0

ÚRSLIT KVENNA:


FH - Breiðablik: 0-5

Stjarnan - Haukar: 5-0

ÍBV - Haukar: 1-0

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Áð við Kaldá

SÓLVANGUR HÚSVÖRÐUR

**Sólvangur hjúkrunarheimili
óskar eftir að ráða húsvörð í 50% starfshlutfall.**

Vinnutími kl. 08 - 12 alla virka daga.

Starfð felur í sér umsjón fasteignar og lóðar,
aðstoð við deildir heimilisins og innkaup.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst

Umsóknir sendist á kristjan@sunnuhlid.is.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson gsm 618 9200.

Umsóknarfrestur er til 10. júlí.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð
vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

sími 896 6076
as@remax.is

RE/MAX
FJÖRÐUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

♦ HAFNARFIARÐAR ♦

♦ HAFNARFJARDAR ♦

Reykðalsvirkjun og Reykholt